REGLUR

um uppgjör lífeyrissjóða við lífeyristryggingar samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 40 1963, um almannatryggingar.

1. gr.

Lífeyrissjóðir, sem til ársloka 1963 hafa skuldbundið sig til að veita elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri í stað tilsvarandi bóta almannatrygginga, sbr. 85. gr. laga nr. 24 1956, skulu greiða lífeyristryggingunum með vöxtum iðgjöld þau, er sjóðfélagarnir hafa fengið undanþágu frá að greiða, en að frádregnum þeim lífeyri, sem sjóðirnar hafa sparað tryggingunum að greiða.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal gera yfirlit um iðgjöld þau vegna áranna 1947—1963, sem hverjum sjóði ber að standa skil á samkvæmt 1. gr., svo og lífeyri þann, sem til frádráttar kemur. Skulu greiðslur vegna hvers einstaks sjóðfélaga tilgreindar, sundurliðaðar eftir árum. Þó er Tryggingastofnuninni heimilt að semja við hvern einstakan sjóð um einfaldari reikningsaðferð við ákvörðun lífeyris, sem gera má ráð fyrir, að úrskurðaður hefði verið til ársloka 1960.

Lífeyrissjóðir þeir, sem hlut eiga að máli, skulu veita Tryggingastofnuninni þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að fullnægja ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar um yfirlitsskýrslu. Gerð yfirlitsskýrslunnar skal lokið eigi síðar en í árslok 1964.

3. gr.

Reikna skal 5% ársvexti af iðgjöldum og lífeyri samkvæmt yfirlitsskýrslu, frá lokum þess árs, er inna hefði átt greiðslurnar af hendi, til greiðsludags, þó eigi lengur en til ársloka 1964. Dragist endanlegt uppgjör lífeyrissjóðs fram yfir þann tíma, skal frá 1. janúar 1965 reikna vixilvexti af skuld hans, sbr. þó næstu málsgr.

Heimilt er lífeyrissjóði að greiða skuld sína með jöfnum ársgreiðslum á allt að 10 árum, þannig að greiðslum sé að fullu lokið eigi síðar en 31. desember 1973. Skal sjóðurinn þá gefa út skuldabréf fyrir greiðslufjárhæðinni, er miðist við sömu vexti og á hverjum tíma eru greiddar af innstæðufé á 6 mánaða sparisjóðsbókum, reiknaða frá 1. janúar 1965.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.